

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. og 7. gr. laga nr. 36/1987 um listmunauppboð og 25. gr. b. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. lög nr. 57/1992 um breytingu á þeim lögum og öðlast þegar gildi. Felld er úr gildi reglugerð nr. 97/1988 um fylgiréttargjald og Starfslaunasjóð myndlistarmanna.

Menntamálaráðuneytið, 7. júní 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

15. júní 1993

Nr. 245

REGLUGERÐ

um (15.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgangi þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Við b-staflíð 15. gr. reglugerðarinnar bætist:
Cetobemidonum INN (t.d. Ketogan).

2. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á lyfseðli, sem afhenda skal með lyfinu
Ketoconazolum	Lyfjaform til úrtvortis notkunar. Mest 20 mg/ml. Mest 60 ml.	FUNGORAL, sápa.	Til meðferðar á flösu. <i>Notkun.</i> Bleytið hárið og hársvörðinn og berið sápu vel í. Látið sápu verka í 3-5 mínútur áður en hún er skoluð úr. Notið sápu tvisvar sinnum í viku fyrsta mánuðinn, en síðan einu sinni í viku eða eftir þörfum. Notið aðra sápu til hárvotta þess á milli. Hafi flasa ekki horfið eftir mánuð skal leita læknis. <i>Varúð:</i> Ef sterylf hefur verið borið í hársvörð skulu líða 2 vikur frá því notkun þess er hætt þar til sápan er notuð. <i>Athugið:</i> Getur valdið ertingu í hársverði og kláða. Hár getur orðið þurr og stökkt og lítilsháttar hárlos getur komið fyrir.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. júlí 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Einar Magnússon.